

Náttúrustofa Vestfjarða
Þorleifur Eiríksson
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

2008060071
4200; 9310

Reykjavík, 27. nóvember 2008
/--

Efni: Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar í Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar í Ísafjarðarbæ.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Náttúrustofu Vestfjarða f.h. Vegagerðarinnar dags. 24. september 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin. Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. September 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ísafjarðarbæ, Brunamálastofnun, Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 27. október 2008, Fiskistofu með bréfi dags. 8. október 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. október 2008, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 28. október 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. október 2008 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 3. nóvember 2008. Umsögn frá Brunamálastofnun barst ekki. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvubréfum dags. 20. nóvember 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa

stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í tölvubréfum Vegagerðarinnar dags. 20. nóvember 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Lýsing framkvæmdar

Í kafla um lýsingu framkvæmdar í tillögu að matsáætlun er fjallað um gangamunna. Í frummatsskýrslu þarf að vera greinargóð lýsing á gangamunnum og frágangi kringum þá og lýsing á hvort eða að hvað miklu leyti áætlað sé að fjallshlíðin fyrir ofan eða til hliðar við munnana verði raskað með skeringum og sneiðingum. Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að þegar gangamunnar eru í bröttum, ósnortnum fjallshlíðum geti rask fyrir ofan og í kringum þá haft í för með sér neikvæð sjónræn áhrif.

Skipulag og leyfi

Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að verið sé að vinna að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sem taki til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Skipulagsstofnun bendir á að æskilegt sé að frummatsskýrsla verði auglýst samhliða aðalskipulagstillögu en gangi það ekki eftir þá leggur stofnunin áherslu á að framkvæmdaraðili og sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi samráð. Með því má fá fram betri samnýtingu gagna og upplýsinga og komast hjá tvíverknaði við matsvinnu. Þá bendir Skipulagsstofnun framkvæmdaraðila og Ísafjarðarbæ á að hlutar framkvæmdarinnar kunna einnig að vera deiliskipulagsskyldir, t.d. gangamunnar og hugsanleg landmótun kringum þá. Því þarf að koma fram í frummatsskýrslu hvort og þá hvaða hlutar framkvæmdarinnar sveitarfélagið telur að kalli á gerð deiliskipulags og hver staða þess er þegar frummatsskýrsla verður kynnt.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Áhrif á landslag

Í kafla 5.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu skipti meginmáli við mat á áhrifum framkvæmdanna á landslag og sjónrænum áhrifum að leitast sé við að sýna þær ásýndarbreytingar sem verða með tilkomu framkvæmdanna beggja vegna gangamunnanna. Það er unnt að gera m.a. með því að birta ljósmynd af svæðinu fyrir framkvæmdir og síðan sýna á annarri ljósmynd með hjálp tölvu hugsanlegar breytingar á yfirbragði svæðisins, þ.m.t. nýjan veg í 65 m hæð Dýrafjarðarmegin. Þá þarf að sýna haugsetningarsvæði beggja vegna gangamunnana með því að færa þau inn á ljósmyndina. Skipulagsstofnun telur það einnig til bóta, eins og Vegagerðin fyrirhugar, að sýndar verði myndir af núverandi gangamunnum á Íslandi, sem fyrirhugaðir gangamunnar eru taldir munu líkjast, eftir að framkvæmd og þegar frágangi er lokið.

Skipulagsstofnun bendir á að þegar lagt er mat á vægi áhrifa þessarar tilteknu framkvæmdar á landslag þá liggur fyrir tiltekið gildi svæðisins, þ.e. svæðið er á náttúruminjasrá. Vægiseinkunn áhrifa (ekki verulega neikvæð, talsvert neikvæð, verulega neikvæð, verulega jákvæð eða talsvert jákvæð) byggist m.a. á staðfestu gildi viðkomandi svæðis (viðmiðum stjórnvalda) ásamt einkennum áhrifanna (bein eða óbein áhrif, varanleg, tímabundin, afturkræf

eða óafturkræf) og umfangi röskunar.

Áhrif á fornleifar

Í kafla 5.10 er fjallað um fornleifar. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram að athugað hafi verið svæði undir vinnubúðir og haugssvæði m.t.t. fornleifa og jafnframt þarf að gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum vegna þeirra fornleifa sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Ísafjarðarbær, Fiskistofa, Árni Ísaksson, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands.